

Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um styrki til framkvæmda í fráveitumálum.

1. *Hvaða sveitarfélög hafa fengið styrki til framkvæmda í fráveitumálum, sbr. lög nr. 53/1995, og hversu háir hafa þeir verið reiknað á núgildandi verðlagi? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*
2. *Hverjar hafa verið árlegar heildargreiðslur vegna þessara styrkja, reiknað á núgildandi verðlagi?*

Á eftirfarandi töflu er yfirlit yfir fráveitustyrki vegna framkvæmda frá 1. maí 1995 til 31. desember 2008, uppreiknað á verðlagi 2010. Fráveitustyrkir hafa samkvæmt ákvæði laganna verið greiddir út eftir á þegar upplýsingum um staðfestan raunkostnað og öðrum fullnægjandi gögnum hefur verið skilað til fráveitunefndar.

Yfirlit yfir fráveitustyrki vegna framkvæmda frá 1. maí 1995 til 31. desember 2008 uppreiknað á verðlagi ársins 2010.

Styrkir vegna fráveituf framkvæmda sveitarfélaganna eru greiddir árinu á eftir.

Miðað við neyslurúvísistölu 357,9

	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	Samtals
Ábaldtáhreppur	464.692	777.897	328.845	832.303											2.403.737
Akrneskaupstaður	15.034.303	1.249.637													16.283.940
Akureyriarkaupstaður	7.451.800	23.526.043													200.088.266
Árborg	3.781.898	9.875.234	40.451.455	46.990.308	65.755.790	49.422.948	21.156.980	7.883.705	4.866.919	12.701.290	16.953.341	16.967.820	17.097.284	12.440.298	250.185.235
Árnesshreppur									930.425						930.425
Ásahreppur				129.946	2.316.617				169.357	152.601				290.904	2.768.520
Bárðdalshreppur															290.904
Bessastaðahreppur						6.346.910	5.281.011	4.022.159		184.177		10.678.961	5.379.575		31.708.617
Biskupstungnahreppur															184.177
Bláskógabyggð						756.573	8.685.765	287.712							287.712
Blönduósar	23.158.797	1.182.676						8.114.843	23.686.779	8.434.583	3.054.398	2.680.413	1.861.080		57.274.435
Borgarfjarðarhreppur	102.384	237.651		454.547	671.544		217.700	442.810	2.347.979	8.223.142					37.242.177
Brodaneshreppur								1.013.480	777.801						3.257.407
Bejarthreppur	222.057	122.642	60.997	102.388	1.180.187				842.548						842.548
Dalvíkurbyggð	2.922.312														2.922.312
Djúpavogshreppur	50.000	161.250													211.250
Eskifjarðarkaupstaður															3.110.945
Eyja- og Miklaholshreppur															3.110.945
Fáskrúðsfjarðarhreppur						2.275.112	224.938						1.322.715		1.322.715
Fellahreppur							2.082.860								2.082.860
Fjótisdalshreppur				6.227.458	698.286	459.769		677.309	716.083	526.582					2.500.051
Garðabær								990.191	263.616	477.711					4.002.834
Gaulverjabæjarhreppur				159.782	279.302				5.310.509	29.877.257	17.736.219	797.587			9.117.031
Grimnes- og Grafingshreppur	4.301.798	10.589.776		484.654		121.948				2.303.214					17.801.390
Grytubakkahreppur		37.070	43.795	113.531	207.190	129.855	1.852.127								3.888.568
Hafnarfjarðarkaupstaður	49.768.863	132.456.289	123.666.140	109.537.743					2.048.991	3.563.587	4.385.802	28.728.157	9.984.287	3.648.069	467.787.928
Helgafellssveit													662.131		662.131
Hólshreppur													1.079.928		1.079.928
Hornafjörður		966.061	2.469.528	5.749.068	2.498.161										11.682.818
Hraungerðishreppur															707.886
Hriseyjarhreppur									209.851						209.851
Hrunamannahreppur	2.628.604							466.872	5.260.233			148.266			8.355.709
Húnaþing vestra	339.826														488.092
Húnavatnishreppur	3.524.365														3.524.365
Húsavíkurbær					5.564.305										5.564.305
Hvalfjarðarstrandahreppur						144.528	72.072								216.600
Hveragerðisbær	2.540.412	7.677.462	7.855.788			25.880.428	46.270.730	19.283.440	12.823.442	4.643.124	16.204.720				143.179.546
Hörgábyggð	501.677							2.176.743							2.678.420
Ísafjarðarbær	1.306.500								1.006.049						1.306.500
Kaldraamannahreppur															1.006.049
Kelduneshreppur															1.365.601
Kirkjubólshreppur	142.070	546.320		677.211					782.671	217.793					1.000.464
Kjalarneshreppur															1.160.272

Miðað við neyðsluvöruskiðlu 357,9

	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	Samtals
Kolbeinsstaðahreppur															1.414.555
Kópavogsbær	20.644.663	27.343.485	10.542.444	24.023.533	12.921.997	15.034.008			39.169.610	19.412.027	8.488.673	4.313.914	910.310	694.451	182.589.405
Vestur-Landeyjahreppur								1.846.620	1.453.799	1.278.267		193.284			4.771.972
Norður-Hérað							829.125		1.407.743		958.040	1.592.143	472.648		5.259.699
Austur-Hérað								3.771.952							2.258.226
Mjóafjarðahreppur	4.837.279	12.681.298	8.838.282		17.670.996	7.415.330									61.921.636
Mosfellsbær							1.069.798								1.069.798
Mýrðalshreppur									2.473.744	183.057	1.438.944	1.569.700	2.741.571	270.131	8.407.017
Neskaupstaður															16.730.241
Rangárvallahreppur															42.052.366
Rangárfing eystra								1.012.852							1.012.852
Rangárfing ytra															78.242.850
Reykholahreppur							687.383	18.028.059	28.775.712	13.153.915	17.597.781				78.242.850
Reykjanesbær															1.742.595.122
Reykjavíkurborg	7.500.310	15.499.413	13.231.142	103.624.428	136.517.571	183.699.407	249.266.876	319.877.367	92.688.551	50.243.937	111.504.750	243.699.898	96.121.069	119.120.403	1.742.595.122
Sandgerðisbær										4.704.244					4.704.244
Seljalarmarkkaupstaður							21.762	690.559					1.558.206	1.413.199	3.683.726
Seyðisfjarðarkaupstaður	1.105.977	2.671.642	6.204.805	7.908.058	9.821.993										27.712.474
Sigtufjarðarkaupstaður															7.924.790
Skagabyggð	223.072	317.804	97.549	13.379	171.156	986.623		26.863					1.330.439		1.836.447
Skríudálsahreppur															1.330.439
Staðarhólsahreppur												407.007			407.007
Sveinssíðahreppur											1.216.168				1.216.168
Skekkiastaðahreppur												786.453			786.453
Skríðahreppur															1.886.011
Svalbarðstrandahreppur															1.816.453
Tunguahreppur															527.010
Vestmannaeyjabær	4.479.123	6.496.592	4.913.596	8.662.939	8.765.315	20.299.256	4.201.833								729.393
Vopnafjarðahreppur									3.572.774						61.391.427
Vingeyfjarssveit	1.199.322	810.335	570.796	1.484.676	1.148.894	224.971									15.310.964
Vorleishólsahreppur															5.438.994
Vorshafnarhreppur															548.855
Vörðhliðahreppur															1.421.860
Öxnadalshreppur															498.156
Ölfusahreppur										498.156					498.156
Samtals	158.232.104	255.226.577	220.976.325	322.296.032	303.994.139	374.823.924	424.689.589	414.310.433	192.514.363	181.677.692	199.983.500	317.298.492	149.770.912	146.044.466	3.661.838.548

3. *Hversu stórum hluta af heildarraunkostnaði styrkhæfra framkvæmda nemur þessi upphæð í hverju tilviki fyrir sig?*

Fjárhagslegur stuðningur ríkisins vegna framkvæmda sveitarfélaga við fráveitur sem unnar voru frá 1. maí 1995 til 31. desember 2008 gat, samkvæmt lögnum, numið allt að 200 millj. kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur 20% af staðfestum heildarraunkostnaði styrkhæfra framkvæmda næstliðins árs. Þá heimiluðu lögin að ráðstafa mætti allt að fjórðungi styrkuppþæðar á hverju ári í þeim tilgangi að jafna svo sem kostur er kostnað einstakra sveitarfélaga við fráveituframkvæmdir þegar miðað er við heildarkostnað á íbúa. Kostnaður sveitarfélaga vegna úrbóta í fráveitumálum er mjög breytilegur. Framkvæmdir á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 1996 voru styrkt um sem samsvarar 20% af staðfestum raunkostnaði. Vegna framkvæmda á árunum 1997 til og með 2005 var svigrúm til að beita jöfnunarákvæði laganna og var það til komið vegna mikilla framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, þar sem heildarfráveituframkvæmdir einkenndust af framkvæmdum stóru sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og var fyrirsjáanlegt að þegar þessi sveitarfélög kæmu að því að ljúka framkvæmdum sínum mundi meðaltalskostnaður sveitarfélaga hækka og svigrúm til jöfnunar minnka. Heimild um beitingu jöfnunarákvæðis var notuð vegna framkvæmda í þéttbýli og var þá hámarksstyrkur 30% til þeirra sveitarfélaga þar sem hlutfallslegur kostnaður vegna sameiginlegs fráveitukerfis væri hár. Vegna framkvæmda á árinu 2000 var miðað við að hlutfallslegur kostnaður væri yfir 100.000 kr. á íbúa á verðlagi þess árs. Væri kostnaður á bilinu 67.550 til 100.000 kr. breyttist styrkhlutfallið línulega frá 20% til 30%. Þar sem kostnaður var minni en 67.550 kr. á íbúa breyttist styrkhlutfallið línulega frá 15% til 20%. Enda þótt hlutfallslegur kostnaður sveitarfélaga vegna fráveituframkvæmda í dreifbýli sé verulega lægri á íbúa en í þéttbýli þá nutu framkvæmdir í dreifbýli ávallt 20% styrks meðan hægt var að beita jöfnunarheimildinni, enda aðstaða sveitahreppa að ýmsu leyti erfiðari, svo sem vegna áætlanagerðar. Vegna framkvæmda árið 2007 fengu sveitarfélög greiddan styrk sem nemur 20% af styrkhæfum fráveituframkvæmdum og vegna framkvæmda ársins 2008 nam þessi upphæð 3,9% af styrkhæfum framkvæmdum.

4. *Liggja fyrir í ráðuneytinu umsóknir frá sveitarfélögum um styrki til fráveituframkvæmda sem eru óafgreiddar eða hefur verið hafnað vegna ónógra fjárveitinga? Ef svo er, um hvaða sveitarfélög er að ræða og hver er áætlaður kostnaður við fráveituframkvæmdir á þeirra vegum?*

Nei, styrkir hafa alltaf verið greiddir, sbr. svar við 3. lið, nema þar sem umsóknir hafa verið ófullnægjandi eða ekki borist á réttum tíma. Á árinu 2008, vegna framkvæmda ársins 2007, reyndist ekki mögulegt að veita hámarksstyrk til sveitarfélaga sem þá óskuðu eftir styrk vegna fráveituframkvæmda heldur var einungis unnt að veita styrk sem nam 3,9% af heildarfjárhæð framkvæmda. Þetta ástand skapaðist vegna þess að í lögum um stuðning ríkisins við fráveituframkvæmdir var ekki heimilt að veita nema að hámarki 200 millj. kr. á ári til verkefnisins. Sveitarfélögum var tilkynnt um þetta og jafnframt að þetta væri síðasta styrkhæfa árið lögum samkvæmt.

Heimild sem kom inn í lögum árið 2005 um að ráðstafa mætti allt að 10 millj. kr. á ári til rannsókna á viðtökum fráveitu hefur ekki verið nýtt þar sem réttara þótti að nýta alla fjármuni í styrkhæfar framkvæmdir.

5. *Hefur verið gerð úttekt á því hvar fráveitumál eru enn í óviðunandi ástandi og hver kostnaður er við úrbætur? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.*

Fylgst hefur verið með þróun þessara mála frá því að umhverfissráðuneytið var stofnað.

Nefnd sem starfaði á árunum 1992 og 1993 hafði það hlutverk að gera úttekt á ástandi fráveitumála, móta stefnu í fráveitumálum, kanna ástand fráveitumála og benda á leiðir til úrbóta. Nefndin sendi út spurningalista til allra sveitarfélaga í landinu í því skyni að afla gagna um ástand fráveitumála. Starfsmaður nefnarinnar fylgdi upplýsingaöfluninni eftir með því að fara til flestra þéttbýlisstaða, ræddi við tæknimenn og sveitarstjórnarmenn á viðkomandi stöðum og kannaði ástandið. Niðurstaða úttektarinnar var sú að árið 1993 var ástand þessara mála víða í ólestri og þó var töluverð hreyfing í þá átt að bæta úr.

Tíu árum síðar, eða á árinu 2003, gaf fráveitunefnd umhverfissráðuneytisins, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, skýrslu um úttekt á stöðu fráveitumála á Íslandi. Þar var miðað við stöðuna eins og hún var á árinu 2001. Veruleg breyting var merkjanlega á ástandi mála frá árinu 1993 og var það mat þess sem vann úttektina að um tæp 70% landsmanna byggju við viðunandi aðstæður í fráveitumálum. Þetta segir þó ekki alla söguna þar sem stærstu fráveitufamkvæmdirnar höfðu verið þar sem mannfjöldi er mestur, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Ráðuneytið lét uppfæra þessar upplýsingar og framreikna fjárþörf miðað við áramótin 2003–2004. Í fylgiskjali I er yfirlit yfir áætlaða fyrirliggjandi fjárþörf til að klára úrbætur í janúar 2004, annars vegar heildarkostnað hlutaðeigandi sveitarfélags og hins vegar eftirstandandi framkvæmdakostnað á íbúa hvers sveitarfélags. Sérstaklega skal tekið fram að einungis er um að ræða styrkhæfar framkvæmdir í samræmi við lög nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Ætla má að nú búi um 80% landsmanna við viðunandi aðstæður í fráveitumálum.

6. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að framhald verði á styrkveitingum til fráveitufamkvæmda eða að heimilaðar verði endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna þessara framkvæmda?*

Þegar lög um stuðning ríkisins við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum voru samþykkt á Alþingi 1994 var ákveðið að þessi stuðningur væri tímabundinn til 10 ára og hugsaður einvörðungu til að hvetja sveitarfélög til að hraða framkvæmdum í fráveitumálum. Þegar fyrir lá á árunum 2003–2004 að töluvert mundi vanta á að þeim árangri yrði náð lét ráðuneytið vinna úttekt á stöðu mála og var sú greinargerð kynnt fyrir sveitarfélögum og rædd með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fulltrúum sveitarfélaganna. Í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar ríkis og sveitarfélaga varð samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaganna um að framlengja gildistíma laganna um þrjú ár, eða fyrir framkvæmdir á árunum 2006 til og með 2008, með óbreyttu árlegu fjárframlagi. Af þessum ástæðum hefur ráðuneytið ekki séð ástæðu til að gera tillögur um áframhaldandi stuðning við fráveitufamkvæmdir sveitarfélaga enda eru þær framkvæmdir, samkvæmt formlegri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, á forræði sveitarfélaga.

Fylgiskjal.

Framreikningur á stöðu fráveitumála – greinargerð.

Meðfylgjandi tafla er uppfærsla á tölulegum niðurstöðum skýrslu fráveitunefndar um hverfisráðuneytis frá febrúar 2003 Úttekt á stöðu fráveitumála á Íslandi – fjárþörf til framkvæmda.

Taflan er framreikningur á viðaukum 9, 10 og 11 í téðri skýslu og sýnir áætlaða fjárþörf og fjárfestingu sveitarfélaga árin 2002 og 2003 í styrkhæfum fráveituframkvæmdum. Áætluð fjárþörf er úr skýrslu frá 2003 eða nýrri heildaráætlunum en upplýsingar um framkvæmdafé byggist á umsóknum sveitarfélaga um styrki til fráveitunefndar. Í töflu er áætluð fjárþörf til sumarhúsa inni í heildartölum styrkhæfra framkvæmda en þessum lið var haldið aðskildum í skýrslu 2003.

Skipting sveitarfélaga í flokka I, II og III er sýnd í töflu til að undirstrika mismunandi áreiðanleika áætlana og framkvæmdatölna eftir flokkum:

- Í flokki I eru sveitarfélög sem hafa heildaráætlun og eru í samskiptum við fráveitunefnd. Kostnaðaráætlunir byggja á heildaráætlunum sem þessi sveitarfélög hafa látið gera.
- Í flokki II eru sveitarfélög sem ekki eru í samskiptum við fráveitunefnd og hafa þéttbýli. Kostnaðaráætlun fyrir þéttbýli byggist á gögnum sem aflað var í heimsóknum skýrsluhöfundar árið 2002 en kostnaðaráætlun fyrir dreifbýli byggist á mati heilbriðisfulltrúa.
- Í flokki III eru sveitarfélög og án þéttbýlis og hafa ekki verið í samskiptum við fráveitunefnd. Þessi sveitarfélög voru ekki heimsótt vegna úttektar og kostnaðaráætlunir byggjast á mati heilbriðisfulltrúa á stöðu fráveitumála.

Rétt er að áréttta, að framkvæmdatölur í töflu eru einungis frá sveitarfélögum í flokki I en einhverjar framkvæmdir kunna að hafa verið í öðrum sveitarfélögum. Einnig að áætluð fjárþörf í dreifbýli byggist oft á veikum forsendum, því að í mörgum tilvikum skortir úttektir til að byggja matið á.

Þetta var unnið árið 2004.

Framreiknuð áætlun fyrir styrkhæfar fráveituframkvæmdir á landsvisu.

Sveitarfélög	Heildaráætlun til staðar	Stöðv. úttekt 2002 eða nýrri heildaráætlun (1)	Framreiknuð áætlun fjárhöf 2002 til verðlags í janúar 2004 eða nýrri áætlun (2)	Styrkhæfar framkvæmdir 2002 á verðlagi janúar 2004	Styrkhæfar framkvæmdir 2003 á verðlagi janúar 2004	Áætlun fyrir tilgjandi fjárhöf í janúar 2004	Áætlað styrkhæfar framkvæmdir sem % af skatttekjum og jöfnunarsjóðframlagi	Áætlaður eftirstandandi framkvæmdakostnaður á íbúa (þús.kr.)
<i>Sveitarfélög í flokki I</i>								
Reykjavík	Já	2002	1.231,2	811,0	577,2	-157,0	-0,5%	-1,4
Kópavogur	Já	2002	36,7	61,2	25,0	-49,5	-0,8%	-2,0
Seltjarnarnes	Já	2002	119,5	0,8	0,0	118,7	9,3%	26,0
Garðabær	Já	2002	216,0	0,0	0,0	216,0	9,1%	24,4
Hafnarfjörður	Já	2002	308,5	0,0	0,0	308,5	5,7%	145,6
Bessastaðahreppur	Já	2002	162,4	6,1	11,3	145,1	30,8%	77,3
Mosfellsbær	Já	2002	274,9	28,6	18,6	227,7	13,9%	34,6
Reykjanesbær	Já	2002	611,2	5,3	0,0	605,9	23,4%	55,6
Sandgerðisbær	Já	2002	93,1	0,0	0,0	93,1	19,7%	66,9
Borgarbyggð	Já	2002	166,2	0,0	0,0	166,2	22,8%	64,2
Kolbeinsstaðahreppur	Já	2002	1,1	0,0	0,0	1,1	2,9%	10,6
Helgafellssveit	Já	2002	0,3	0,0	0,0	0,3	1,9%	4,9
Eyja- og Miklaholtshrppur	Já	2002	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1%	0,2
Kaldrananeshreppur	Já	2002	-0,5	0,0	0,0	-0,5	-1,2%	-3,6
Blönduósibær	Já	2002	-0,1	3,5	0,0	-3,6	-1,2%	-3,7
Akureyri	Já	2002	762,1	47,6	85,1	629,4	15,8%	39,2
Svalbarðsstrandarhr.	Já	2002	-2,1	0,0	0,0	-2,1	-2,0%	-5,7
Grýtubakkahreppur	Já	2002	3,9	6,2	0,4	-2,7	-2,4%	-6,9
Skeggjastaðahreppur	Já	2002	12,1	0,0	0,0	12,1	29,6%	90,9
Norður-Hérað (3)	Já	2002	9,2	0,0	0,0	9,2	10,0%	28,8
Vestmannaeyjar	Já	2002	287,1	28,0	31,7	227,4	19,5%	52,3
Rangárþing eystra	Já	2002	44,9	0,0	17,6	27,3	5,3%	16,4
Rangárþing ytra	Já	2002	68,3	11,7	4,4	52,1	11,8%	36,3
Hveragerðisbær	Já	2002	46,1	119,8	0,0	-73,7	-14,6%	-39,1
<i>Ný sveitarfélög í flokki I</i>								
Vatnsleysuströnd (4)	Já	2003	82,3	0,0	0,0	82,3	31,4%	88,7
Ólfus (4)	Já	2003	142,8	0,0	0,0	142,8	30,6%	83,7
Mjólfjörður	Já	2002	3,8	0,0	5,1	-1,3	-10,8%	-34,9
Fáskrúðsfjarðarhreppur	Já	2002	9,4	0,8	7,7	1,0	5,6%	17,8
Árborg	Já	2002	534,0	60,1	81,8	392,1	23,4%	62,0
Vopnafjarðarhreppur	Já	2002	122,7	5,7	9,4	107,6	50,3%	145,1
<i>Sveitarfélög í flokki II</i>								
Grindavíkurkaupstaður	Já	2002	678,1	0,0	0,0	678,1	104,4%	280,1
Gerðahreppur	Nei	2002	135,3	0,0	0,0	135,3	40,9%	105,5
Akranes	Já	2002	437,1	0,0	0,0	437,1	31,9%	78,3
Borgarfjarðarsveit	Nei	2002	52,2	0,0	0,0	52,2	23,3%	75,0
Dalabyggð	Nei	2002	63,8	0,0	0,0	63,8	31,1%	98,1
Stykkishólmur	Nei	2002	199,5	0,0	0,0	199,5	61,7%	171,8
Grundarfjörður	Nei	2002	195,0	0,0	0,0	195,0	70,3%	208,3

Snæfellsbær	Nei	2002	165,7	0,0	0,0	165,7	31,9%	95,1
Bolungavík	Já	2002	192,0	0,0	0,0	192,0	74,2%	203,4
Ísafjörður	Nei	2002	764,3	0,0	0,0	764,3	66,5%	185,2
Vesturbyggð	Nei	2002	176,9	0,0	0,0	176,9	51,6%	164,9
Tálknafjörður	Já	2002	71,9	0,0	0,0	71,9	74,5%	206,1
Súðavíkurbær	Nei	2002	62,9	0,0	0,0	62,9	78,1%	274,8
Reykholahreppur	Nei	2002	49,5	0,0	0,0	49,5	51,7%	175,0
Hólmanvík (3)	Nei	2002	105,6	0,6	0,0	105,0	70,6%	212,6
Húnaþing vestra	Nei	2002	116,0	0,0	0,0	116,0	32,3%	98,7
Höfðahreppur	Já	2002	66,1	0,0	0,0	66,1	37,1%	113,0
Skagafjörður	Nei	2002	470,1	0,0	0,0	470,1	40,3%	112,5
Siglufjörður	Já	2002	162,5	4,1	19,1	139,3	32,7%	96,9
Dalvíkurbyggð	Nei	2002	229,7	0,0	0,0	229,7	41,3%	113,4
Hríseyjarhreppur	Nei	2002	26,8	0,0	0,0	26,8	45,3%	149,1
Ólafsfjörður	Já	2002	102,2	0,0	0,0	102,2	34,3%	102,9
Húsavík	Nei	2002	187,2	20,1	0,0	167,1	24,7%	68,1
Skútustaðahreppur	Nei	2002	20,8	0,0	0,0	20,8	14,5%	47,3
Þórshafnarhreppur (3)	Nei	2002	66,3	0,0	0,0	66,3	51,1%	165,7
Raufarhafnarhreppur	Nei	2002	118,7	0,0	0,0	118,7	117,2%	467,5
Óxarfjarðarhreppur	Nei	2002	53,4	0,0	0,0	53,4	46,5%	155,3
Þingeyjarsveit	Nei	2002	84,5	0,8	0,0	83,8	35,4%	117,0
Seyðisfjarðarkaupstaður (3)	Nei	2002	161,5	0,0	0,0	161,5	66,9%	217,9
Fjarðabyggð	Nei	2002	504,8	0,0	0,0	504,8	56,9%	162,3
Fellahreppur	Nei	2002	29,4	7,0	0,9	21,5	14,2%	45,6
Austur-Hérað	Já	2002	88,7	2,8	0,0	85,9	14,0%	40,1
Austurbyggð	Nei	2002	292,8	0,0	0,0	292,8	105,3%	343,2
Breiðdalshreppur	Nei	2002	42,9	0,0	0,0	42,9	50,6%	166,4
Djúpavogshreppur	Nei	2002	155,9	0,0	0,0	155,9	105,7%	316,1
Hornafjörður	Nei	2002	263,1	0,0	0,0	263,1	37,9%	114,2
Grímsnes- og Grafningshreppur	Nei	2002	157,5	0,3	0,1	157,1	103,1%	456,6
Bláskógabyggð (6)	Nei	2002	162,0	3,6	0,0	158,4	49,5%	175,0
Hrunamannahreppur	Nei	2002	47,6	0,0	0,0	47,6	20,4%	65,1
Mýrdalshreppur	Nei	2002	11,8	0,0	0,0	11,8	7,7%	24,0
Skaftárhreppur	Nei	2002	27,9	0,0	0,0	27,9	16,8%	53,3
Sveitarfélög í flokki III								
Kjósarhreppur (6)	Nei	2002	92,1	0,0	0,0	92,1	188,6%	648,4
Hvalfjarðarstrandarhreppur	Nei	2002	24,0	0,2	0,5	23,3	30,1%	151,0
Skilmannahreppur	Nei	2002	0,9	0,0	0,0	0,9	1,4%	6,0
Innri-Akraneshreppur (5)	Nei	2002	0,5	0,0	0,0	0,5	1,6%	4,3
Leirár- og Melahreppur	Nei	2002	6,3	0,0	0,0	6,3	#VALUE!	47,7 (7)
Skorradalshreppur (5)	Nei	2002	26,1	0,0	0,0	26,1	131,6%	474,4
Hvítársíðahreppur	Nei	2002	2,6	0,0	0,0	2,6	8,4%	30,4
Saubæjarhreppur	Nei	2002	8,4	0,0	0,0	8,4	#VALUE!	95,8 (7)
								0,0
Árneshreppur	Nei	2002	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0%	0,0
Broddaneshreppur (8)	Nei	2002	0,5	0,0	0,0	0,5	2,4%	8,8
Bæjarhreppur (3)	Nei	2002	8,9	0,0	0,0	8,9	46,1%	88,2

Áshreppur	Nei	2002	9,4	0,0	0,0	9,4	32,3%	125,7
Sveinsstaðahreppur	Nei	2002	1,6	0,0	0,0	1,6	6,2%	17,4
Torfalækjarhreppur	Nei	2002	6,0	0,0	0,0	6,0	23,4%	64,6
Svínavatnshreppur	Nei	2002	12,2	0,0	0,0	12,2	18,7%	102,7
Bólstaðarhlíðahreppur	Nei	2002	11,2	0,0	0,0	11,2	27,3%	99,2
Skagabyggð	Nei	2002	11,6	0,0	3,3	8,2	29,8%	84,9
Akrahreppur	Nei	2002	16,3	0,0	0,0	16,3	27,4%	71,2
Grimseyjarhreppur	Nei	2002	4,6	0,0	0,0	4,6	#VALUE!	49,9 (7)
Arnarneshreppur	Nei	2002	9,2	0,0	0,0	9,2	16,7%	48,8
Eyjafjarðarsveit	Nei	2002	54,1	0,0	0,0	54,1	19,1%	56,4
Hörgárbyggð	Nei	2002	3,8	0,0	0,0	3,8	#VALUE!	10,4 (7)
Aðaldælahreppur	Nei	2002	32,7	0,0	0,0	32,7	39,5%	116,8
Tjörneshreppur	Nei	2002	5,3	0,0	0,0	5,3	24,1%	80,5
Kelduneshreppur	Nei	2002	8,8	0,0	0,0	8,8	29,6%	85,5
Svalbarðshreppur	Nei	2002	7,3	0,0	0,0	7,3	19,5%	57,8
Flijósdalshreppur	Nei	2002	4,2	0,0	0,0	4,2	13,1%	45,4
Ásahreppur	Nei	2002	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0%	0,0
Gaulverjabæjarhreppur	Nei	2002	11,4	0,0	0,0	11,4	28,6%	84,6
Hraungerðishreppur	Nei	2002	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0%	0,0
Villingaholtshreppur	Nei	2002	16,8	0,0	0,0	16,8	34,3%	93,3
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Nei	2002	22,7	0,0	0,0	22,7	11,6%	42,9
Samtals:			12.766,7	1.235,7	899,2	10.631,8		

Athugasemdir:

- 1 Stöðuár er 2002 í skýrslu frá 2003
- 2 Áætluð fjárförf til sumarhúsa í flokkum II og III er inni í byrjunarstöðu.
- 3 Framkvæmdatölum 2003 sleppt því staðfestingargögn vantar.
- 4 Hreinsistöð bætt við heildaráætlun VSÓ eins og gert var í skýrslu 2003.
- 5 Byrjunarstaða leiðrétt vegna athugasemdar frá Helga Helgasyni heilbrigðisfulltrúa á Vesturlandi.
- 6 Sumarhús hafa afgerandi áhrif í nokkrum sveitarfélögum.
- 7 Tekjur vantar fyrir nokkur sveitarfélög í töflu frá Sambandi ísl.sveitarfélaga.
- 8 Broddaneshreppur féll niður í skýrslu 2003.

